

Breytingar á leiðara 2025

Íslensk útgáfa á leiðinni

Í formála – Almenn leiðsögn. Nýrri setningu hefur verið bætt við.

Hér bætist við textinn:

Innkoma á völinn og gangskiptingar hafa áhrif á einkunnir dómara í tengslum við reiðfærni og samband.

Almenn leiðsögn

Grundvallarviðmiðið, eins og það er tilgreint hér að ofan, er einnig almenn leiðsögn um mat á gæðum reiðmennsku. Til viðbótar skal reiðfærni einnig ákvarðast af tækni knapans, jafnvægi og tímasetningu. Reiðmennskan skal einkennast af léttleika og næmni en ekki af kröftum og óhóflegri pressu. Öll sýningin skal endurspeglar kunnáttusamlega þjálfun knapa og hests sem og gaumgæfilegan og sanngjarnan undirbúning.

Í öllum hringvallargreinum (fyrir utan V4) og í PP1, PP2, PP3, FS1 og FS2 er núna nýr eldveggur í Reiðfærni/Samband dálknum milli 4,5 og 5. Einnig er búið að laga aðeins textann á bilinu 2,5-4,5 og 5,0-6,0.



	Slök sýning		Sýning í tæpu meðallagi				Sýning í rúmu meðallagi				Góð sýning		Frábær sýning								
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5	10
Reiðfærni/ Samband	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband.		Einhver greinileg mistök í reiðmennsku, vandamál varðandi samband. Tíð merki óþæginda vegna reiðmennsku.				Minniháttar mistök í reiðmennsku, einhver vandamál varðandi samband og einstaka óþægindi vegna reiðmennsku.				Reiðmennska yfirleitt góð. Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna.		Frábært samspil knapa og hests. Mjög gott samband. Úrvals reiðfærni.								

- Eldveggur í dálknum Form / Hreyfingar hefur verið færður frá að vera á milli 5,0 og 5,5 og er núna á milli 4,5 og 5,0

Form / Hreyfingar	Mjög alvarlegir formgallar, mjög stutt og tíð skref, mikið kraftleysi, mjög lítil virkni í afturhluta.	Tíð skref, lítill fótaburður, greinilegir formgallar, skortir kraft.	Stöku formgallar, hreyfingar og rými í meðallagi.	Form án teljandi ágalla, rúmar og háar hreyfingar, kraftur, spyrna, góður burður í baki og góð virkni í afturhluta með greinilegan stöðutíma afturfóta, hestur gengur vel upp í herðar, léttur og frjáls að framan, sjálfbemandi.

Brokk og stökk

- Það er búið að breyta orðalaginu í dálk 1 (0-3,0) þannig að ekki er minnst á svif og breyta orðalaginu í dálk 2 (3,5-5,0) úr greinilegt svif í lítið svif.

Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svif , tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref.	Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svif Lítið	Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál	Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svif. Öruggur, heldur gangi.
--------------------------	---	---	---	--

F3

- Til að gefa betri skýringar á skeiði í F3 stendur núna í leiðara að ef knapi sýni einungis $\frac{1}{2}$ langhlið á skeiði þá geti hann fengið einkunn á bilinu 1,0-3,0. Knapar þurfa að sýna tilskylda vegalengd til þess að fá hærri einkunn en 3,0.

Trekt

Breiddin á trektinni við 25m línu á að vera 2,5 – 3,5m.

